

Umhverfisverkefni á sunnanverðu Snæfellsnesi

Gámum þar sem íbúar geta komið frá sér hlutum til förgunar verður komið fyrir á eftirfarandi stöðum:

Eyja- og Miklaholtshreppur: gámar fyrir úrgangstimbur, brotajárn og rusl + spilliefnakar.

- Í gryfjunni við Núpá 13.06.- 27.06. 2018
- Í gryfjunni við Holtsenda: 13.06.-27.06.2018

Sunnanverður Snæfellsbær: gámar fyrir brotajárn og rusl + spilliefnakar.

- Við Ölkelduafleggjarann: 13.06.-27.06.2018
- Í Lýsudal: 13.06.-27.06.2018
- Við Syðri Knarrartungu: 13.06.-27.06.2018

Búnaðarfélag Staðarsveitar hefur samþykkt að bjóða félögum sínum gjaldfrjáls afnot af tækjum félagsins í tiltektarvinnu í sumar.

UMF Staðarsveitar hvetur fólk til að halda til haga úrgangstimbri sem nota má í áramótabrennu

Hvað verður um úrganginn ?

Almennur úrgangur er fluttur í Fíflholt og urðaður. Mikilvægt er að net og kaðlar fari ekki laus með þessum úrgangi þar sem þau geta ollið tjóni á tækjum.

Net og bönd má setja, vel merkt í stórsekkjum, í almennan úrgang.

Járn er flutt til Furu í Hafnarfirði, þar er það flokkað og flutt erlendis til endurvinnslu.

Blandað timbur fer í urðun í Fíflholtum

Hreint timbur er flutt í Sorpu þar sem það er kurlað og nýtt t.d. í stíga, undirlag ofl.

Endurvinnsluefni er flutt í Berghellu í Hafnarfirði, þar er það flokkað og selt til endurvinnslu.

Ábyrgðarmaður: Ragnhildur Sigurðardóttir ragnhildur@snæfellsnes.is / sími 8486272.

Hafið samband ef eitthvað er, látið vita þegar gámarnir fyllast. Nýtum gámana vel og göngum vel um þá – flokkum rétt - sjá leiðbeiningar á baksíðu

**Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
Eyja- og Miklaholtshreppur
Snæfellsbær**



Flokkun í gáma

GÁMUR UNDIR BROTAJÁRN. Hér í fara m.a.:

- Öll raftæki
- Bílhræ
- Hjólbarðar
- Gaddavír (girðingastaurar fara ekki í þennan gám)

Ef annað en brotajárn fer í gáminn lendir kostnaður við flokkun á sveitarfélaginu.

GÁMUR UNDIR ALMENNAN ÚRGANG

Allt urðanlegt efni annað en venjulegur heimilisúrgangur sem fer í heimilistunnur.

- Net og kaðla má setja hér, vel merkta í stórsekkjum

GÁMUR UNDIR TIMBUR Í EYJA-OG MIKLAHOLTSHREPP

- Allt timbur má fara í þá gáma.

SPILLIEFNI FARA Í SPILLIEFNAKAR

